

**Gjaldskrá fyrir sjúkraþjálfun 1. júlí 2018**

Skv. reglugerð nr.225/2018 og rammisamningi um sjúkraþjálfun

**Sjúkratryggðir greiða 90% af heildargjaldi** gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Veita má sjúkratryggðum sjúkraþjálfun án beiðni, **að hámarki 6 skipti á ári**. Í almanaksmánuði greiðir sjúkratryggður að hámarki 25.100 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu, en í hverjum mánuði að lágmarki 4.183 kr.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 90%	Almenn, þung og heimameðferð 90%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 90%	Hópameðferð II 90%
Alm	6.455	5.974	4.126	2.759
30 ECTS	6.616	6.123	4.229	2.828
60 ECTS	6.777	6.272	4.332	2.897
Sérfr.	7.100	6.571	4.539	3.035

**Aldraðir og öryrkjar greiða 60% af heildargjaldi** gegn framvísun beiðni um sjúkraþjálfun. Veita má sjúkratryggðum sjúkraþjálfun án beiðni, **að hámarki 6 skipti á ári**. Í almanaksmánuði greiða aldraðir og öryrkjar að hámarki 16.700 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu en að lágmarki 2.783 kr.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 60%	Almenn, þung og heimameðferð 60%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 60%	Hópameðferð II 60%
Alm	4.303	3.983	2.751	1.839
30 ECTS	4.411	4.082	2.819	1.885
60 ECTS	4.518	4.182	2.888	1.931
Sérfr.	4.733	4.381	3.026	2.023

**Börn 2ja-17 ára greiða ekkert gjald fyrir þjálfun gegn framvísun beiðni**, annars greiða þau 30% af gjaldi sjúkratryggðra.

**Börn yngri en 2ja ára og börn með umönnunarmat** greiða ekkert fyrir þjálfun. Börn með sama fjölskyldunúmer teljast sem einn einstaklingur og greiða börn sömu fjölskyldu 16.700 kr. fyrir heilbrigðisþjónustu að hámarki í hverjum almanaksmánuði og 2.783 kr. að lágmarki.

Staða sjúkraþjálfara	Viðbót vegna skoðunar 30%	Almenn, þung og heimameðferð 30%	Einföld meðferð / Hópmeðf I 30%	Hópameðferð II 30%
Alm	2.152	1.991	1.375	920
30 ECTS	2.205	2.041	1.410	943
60 ECTS	2.259	2.091	1.444	966
Sérfr.	2.367	2.190	1.513	1.012

\*Þung meðferð: Átt er við meðferð sjúklinga með útbreidd eða flókin vandamál sem eru mun umfangsmeiri en í almennri meðferð. Þetta á við um einstaklinga sem eru með miklar og útbreiddar hreyfiskerðingar og eru verulega háðir aðstoð við hreyfingar og flestar athafnir í daglegu lífi. Til dæmis mikið andlega- eða líkamlega fatlaða einstaklinga, einstaklinga með fjölværka sem valda verulegri hreyfi- og færniskerðingu og þá sem orðið hafa fyrir skaða á miðtaugakerfi sem veldur útbreiddri hreyfi- og færniskerðingu.

\*\* Einföld meðferð: Notuð er ein tegund meðferðarforms þar sem leitast er við að beita gagnreyndri vitneskju á aðferðum innan sjúkraþjálfunar. Gildir einnig fyrir börn yngri en 12 ára

\*\*\* Hópmeðferð I: Tveir til fjórir einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

\*\*\*\* Hópmeðferð II: Fimm eða fleiri einstaklingar, með svipuð vandamál eða sömu sjúkdómsgreiningu en þó aldrei fleiri en 10, eru í þjálfun samtímis og skal sjúkraþjálfari vera með þeim allan tímann.

ATH: Einföld meðferð og hópmeðferð telst sem hálf meðferð af heimild.